

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Skaftárhreppur urðun Stjórnarsandur



Dags eftirlits	3.8.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	Skaftárhreppur urðun	Eftirlitsmaður	
Heimili	Klausturvegur 15	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	480690-2069	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Guðni Davíðsson	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	475089,819 332611,967

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík komu fram við eftirlit og er opið eitt eldra frávík síðan 2019. 1) Ekki var skilað skráningum er tengjast innra eftirliti rekstraraðila er varða upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á móti. 2) niðurstöðum eftirlitsmælinga á grunnvatni hefur ekki verið skilað. 3) Skráningum var ekki skilað til eftirlitsaðila fyrir 1.maí.

Eldra frávík er enn opið vegna óhóflegs umfangs ókurlaðs timburhaugs sem var til staðar við eftirlit árið 2019. Úrbótaáætlun átti að berast til Umhverfisstofnunar 9. Mars 2022. Úrbótaáætlun hefur ekki verið skilað.

Tvær ábendingar eru lagðar fram. Ein varðar að við eftirlit þarf að vera til staðar fulltrúi rekstraraðila sem þekkir ákvæði starfsleyfis, ásamt því að hafa tiltækan aðgang að upplýsingum sem reiða skal af hendi við eftirlit. Önnur varðar að uppfæra þarf tengilið, þegar mannabreytingar verða á fulltrúa rekstraraðila sem ábyrgist starfsleyfið.

### UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit á urðunarstað Skaftárhrepps á Stjórnarsandi í samræmi við gr. 57 í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Á urðunarstað er heimilt að taka á móti allt að 200 tonnum af úrgangi á ári til urðunar, kurlunar og geymslu. Uppruni úrgangs er takmarkaður við Skaftárhrepp. Heimilt er að að geyma eftirfarandi úrgang á urðunarstað: timbur, hjólbarða, plast og brotajárn, svo fremur sem hann safnist ekki upp umfram heimildir.

Eftirlitsaðila hefur ekki borist skráningar á öllum þeim úrgangi sem tekið er á móti á urðunarstað, og geymdur er á svæðinu. Alls hafa verið urðuð 135 tonn og 16 tonn notuð sem fyllingarefni. Til staðar er opið frávík frá árinu 2019 vegna timburhaugs sem var á urðunarstaðnum. Við eftirlit nú er ljóst að mikið magn er af timbri á staðnum, hugsanlega umfram það magn sem heimilt er að geyma á urðunarstað. Magn timburúrgangs sem heimilt er að geyma á staðnum eru 30 tonn.

Einnig er áréttað að á urðunarstað skal magn hjólbarða ekki fara yfir 25 tonn, magn plasts skal ekki fara yfir 10 tonn og magn brotajárns skal ekki fara yfir 30 tonn.

Samkvæmt upplýsingum sem hefur verið skilað inn frá rekstraraðila er varðar meðhöndlun úrgangs í Skaftárhreppi fyrir árið 2022, hafa 142 tonn af blönduðum almennum heimilisúrgangi verið urðuð ásamt 25 tonnum af blönduðum óskilgreindum úrgangi frá rekstri. Þar af hefur 21 tonni af óvirkum úrgangi hefur verið endurnýtt/notað sem fyllingarefni. Heildarmagn sem hefur því borist á urðunarstað er því um 188 tonn.

#### Frávík frá

#### Lýsing á frávíki

4.1. í starfsleyfi sbr reglugerð nr. 1014/2016 Halda skal skráningum yfir magn og tegundir úrgangs sem komið er fyrir um skrá yfir úrang og mat á hættulegum á staðnum, til geymslu og urðunar. eiginleikum úrgangs

5.1. í starfsleyfi

Halda skal skráningum innra eftirlits rekstraraðila. Ekki voru til staðar skráningar á upplýsingum á öllum úrgangi sem tekið er á móti (sbr. gr. 4.1). Niðurstöður eftirlitsmælinga á grunnvatni, sbr. gr. 5.2. vantar.

5.3 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun niðurstöður skráninga sbr gr. 5.1 fyrir 1 maí ár hvert. Ekki hefur öllum upplýsingum verið skilað.



## ÁBENDINGAR

Við eftirlit var ekki hægt að inna eftir upplýsingum um umhverfismarkmið, viðbragðsáætlun né nýjustu upplýsingum um tryggingar þar sem starfsmaður sem tók á móti hafði ekki þau gögn til staðar. Mikilvægt er að ef tengiliður rekstraraðila fær annan starfsmann til að taka á móti eftirlitsaðila, að sá aðili hafi þekkingu á starfsleyfi rekstrar og að hann geti þá ábyrgst þau skil sem inna þarf að hendi við eftirlit. Einnig er bent á að við mannbreytingar ber að uppfæra tengiliðaupplýsingar gagnvart Umhverfisstofnun samfara þeim.

## ANNAÐ

Við eftirlit kom fram að miklar áskoranir standa fyrir Skaftárhrepp hvað úrgangsstjórnun varðar. Þá helst snýr það að fjarlægð Skaftárhrepps, dreifðri byggð og fjölda íbúa. Einnig hefur mikil áhrif á áskoranir úrgangsmála, sá mikli ferðamannastraumur sem heimsækir hreppinn heim.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

*Halla Margrét Viðarsdóttir*

Halla Margrét Viðarsdóttir

